

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/989****2025/EES/17/33****frá 2. apríl 2024**

um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til marga ára fyrir árin 2025, 2026 og 2027 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/731 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EEB⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008⁽²⁾ var komið á fót fyrstu samræmdu áætlun Bandalagsins til marga ára og náði hún yfir árin 2009, 2010 og 2011. Áætluninni hefur verið haldið áfram með síðari reglugerðum og sú nýjasta er framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/731⁽³⁾.
- 2) Þrjátíu til fjörutíu vörur eru uppistaðan í mataræði fólks í Sambandinu. Þar eð notkun varnarefna breytist umtalsvert á þriggja ára tímabili þarf að vakta varnarefnin í þessum vörum í röð þriggja ára tímabila svo unnt sé að meta váhrif sem neytendur verða fyrir og beitingu löggjafar Sambandsins.
- 3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði fram vísindaskýrslu um mat á sniði vöktunaráætlunarinnar fyrir varnarefni⁽⁴⁾. Hún komst að þeirri niðurstöðu að með því að velja 683 úrtakseiningar fyrir a.m.k. 32 mismunandi vörur væri unnt að meta þegar farið er meira en 1% yfir hámarksgildi leifa með 0,75% skekkjumörkum. Deila ætti söfnun þessara sýna niður á aðildarríkin í tengslum við íbúafjölda og taka að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.
- 4) Tekið er mið af greiningarniðurstöðum úr fyrri opinberum eftirlitsáætlunum Sambandsins til að tryggja að þau varnarefni sem falla undir eftirlitsáætlunina séu dæmigerð fyrir varnarefnin sem eru notuð.
- 5) Í samræmi við vinnuskjal SANTE um að leggja saman magngreiningarmörk þegar um er að ræða flóknar skilgreiningar á leifum⁽⁵⁾, ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir önnur virk efni, umbrotsefni og/eða niðurbrotsefni eða myndefni, ætti að greina sérstaklega frá þeim efnasamböndum svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/989, 3.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj>.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 frá 5. desember 2008 um samræmda eftirlitsáætlun Bandalagsins til marga ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtið. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1213/oj>).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/731 frá 3. apríl 2023 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til marga ára fyrir árin 2024, 2025 og 2026 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 (Stjtið. ESB L 95, 4.4.2023, bls. 28, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/731/oj).

(4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Pesticide monitoring program: design assessment.“ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(2), 4005.

(5) SANCO/12574/2014, „Working Document on the summing up of LOQs in case of complex residue definitions“.

- 6) Aðildarríki ættu að nota samþykktar leiðbeiningar, s.s. staðlaða sýnalyngu, 2. útgáfu, og viðmiðunarreglur um skýrslugjöf varðandi vöktun iðefna til að tryggja samræmda afhendingu upplýsinga frá þeim um niðurstöður úr varnarefnaleifagreiningu og gera Matvælaöryggisstofnuninni þannig kleift að vera með samanburðarhæfar niðurstöður.
- 7) Að því er varðar sýnatökuaðferðir ætti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ⁽⁶⁾, sem nær yfir sýnatökuaðferðir og verklagsreglur sem Alþjóðamatvæslaskráráðið mælir með, að gilda.
- 8) Nauðsynlegt er að meta hvort þau hámarksgildi leifa í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem kveðið er á um í 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 2016/127 ⁽⁷⁾, 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 ⁽⁸⁾ og 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ⁽⁹⁾, séu uppfyllt, að teknu tilliti til einungis þeirra skilgreininga á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 9) Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig ættu aðildarríki, þar eð ekki er víst að öll aðildarríki búi yfir þeim fullgiltu greiningaraðferðum sem krafist er, að geta sinnt skyldu sinni varðandi greiningu með því að senda sýni til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.
- 10) Til að gefa Matvælaöryggisstofnuninni nægilegan tíma til að meta og taka saman tilkynntu niðurstöðurnar ættu aðildarríki að leggja fram, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, upplýsingar sem varða næstliðið almanaksár.
- 11) Til þess að komast hjá ruglingi vegna skörunar samfelldra áætlana til margra ára ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/731 úr gildi. Þó ætti hún að gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2024.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin ⁽¹⁰⁾ skulu, á árunum 2025, 2026 og 2027, taka og greina sýni úr samsetningum af varnarefnum og vörum eins og sett er fram í I. viðauka.

Fjöldi sýna sem skal taka úr hverri vöru og greina og gildandi leiðbeiningar um gæðaeftirlit við greiningu eru sett fram í II. viðauka.

⁽⁶⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýrarikinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2002/63/oj>).

⁽⁷⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbamablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/127/oj).

⁽⁸⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, lækisfræðilegum tilgangi (Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 30, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/128/oj).

⁽⁹⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2006/125/oj>).

⁽¹⁰⁾ Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. Windsor-samningsins (e. *Windsor Framework*) (sjá sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu frá 24. mars 2023 (Stjtið. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87), í tengslum við 24. lið í 2. viðauka við þennan samning, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er varðar þessa reglugerð, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. gr.

1. Aðildarríki skulu velja framleiðslulotuna, sem á að taka sýni úr, af handahófi.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga verða að vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

2. Aðildarríki skulu greina öll sýni, þ.m.t. úr matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum og vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap með tilliti til varnarefna, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við skilgreiningar á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3. Að því er varðar matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum skulu aðildarríki meta sýni úr vörum, sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda, með tilliti til hámarksgilda leifa sem eru sett fram í tilskipun 2006/125/EB og framseldu reglugerðunum (ESB) 2016/127 og (ESB) 2016/128. Þegar neyta má slíkra matvæla bæði eins og þau eru seld eða endurgerð skal greina frá niðurstöðum greininga á vörinni eins og hún er seld.

3. gr.

Aðildarríkin skulu leggja fram niðurstöður greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð 2025, 2026 og 2027, eigi síðar en 31. ágúst 2026, 2027 og 2028, eftir því sem við á, á rafrænu skýrslusniði sem Matvælaöryggisstofnunin setur fram.

Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir fleiri en eitt efnasamband (virkt efni og/eða umbrotsefni eða niðurbrotsefni eða myndefni) skal gefa skýrslur um niðurstöður greininga í samræmi við tæmandi skilgreiningu á leifum. Skila skal niðurstöðum um öll greiniefni, sem eru hluti af skilgreiningu á leifum, hverjum fyrir sig svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

4. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/731 er felld úr gildi.

Þó skal hún gilda til 1. september 2025 um sýni sem prófuð eru árið 2024.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Afurðir ⁽¹⁾ úr jurtaríkinu ⁽²⁾ sem á að taka sýni úr 2025, 2026 og 2027

2025	2026	2027
c)	a)	b)
(0130010) Epli ⁽¹⁾	(0110020) Appelsínur ⁽¹⁾	(0151000) Vínber til neyslu ⁽¹⁾
(0152000) Jarðarber ⁽¹⁾	(0130020) Perur ⁽¹⁾	(0163020) Bananar ⁽¹⁾
(0140030) Ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar ⁽¹⁾	(0162010) Kíví ⁽¹⁾	(0110010) Greipaldín ⁽¹⁾
Vín (rautt eða hvítt) úr (0151020) vínþrúgum (ef engir sérstakir vinnslustuðlar fyrir vín eru fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla fyrir vín sem eru notaðir).	(0241020) Blómkál ⁽¹⁾	(0231030) Eggaldín ⁽¹⁾
(0251020) Salat ⁽¹⁾	(0220020) Laukar ⁽¹⁾	(0241010) Spergilkál ⁽¹⁾
(0242020) Höfuðkál ⁽¹⁾	(0213020) Gulrætur ⁽¹⁾	(0233010) Melónur ⁽¹⁾
(0231010) Tómatar ⁽¹⁾	(0211000) Kartöflur ⁽¹⁾	(0280010) Ræktaðir sveppir ⁽¹⁾
(0252010) Spínat ⁽¹⁾	(0300010) Baunir (þurrkaðar) ⁽¹⁾	(0231020) Paprikur ⁽¹⁾
(0500050) Hafrakorn ⁽²⁾ , ⁽³⁾	(0500070) Rúgkorn ⁽³⁾	(0500090) Hveitikorn ⁽³⁾
(0500010) Byggkorn ⁽³⁾ , ⁽⁴⁾	(0500060) Brún hrísgrjón (afhýdd hrísgrjón), skilgreind sem hrísgrjón eftir að hýðið hefur verið fjarlægt af hýðishrísgrjónum ⁽⁵⁾	Jómfrúarólífuolía úr (0402010) ólífum til olíuframleiðslu (ef enginn sérstakur vinnslustuðull fyrir olíu er fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla sem eru notaðir).

⁽¹⁾ Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða sýnatöku úr frystum afurðum skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á.

⁽²⁾ Ef ekki eru næg sýni úr hafrakorni til staðar er hægt að bæta við þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir hafrakorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir byggkorn sem leiðir til færri sýna fyrir hafrakorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir byggkorn.

⁽³⁾ Ef ekki eru næg sýni úr rúg-, hveiti-, hafra- eða byggkorni til staðar er einnig hægt að greina rúg-, hveiti-, hafra- eða byggmjöl úr heilu korni og tilkynna skal um vinnslustuðul.

⁽⁴⁾ Ef ekki eru næg sýni úr byggkorni til staðar er hægt að bæta þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir byggkorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir hafrakorn sem leiðir til færri sýna fyrir byggkorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir hafrakorn.

⁽⁵⁾ Einnig er hægt að greina slípuð hrísgrjón, eftir því sem við á. Tilkynna skal hvort farið hafi fram greining á slípuðum eða afhýddum hrísgrjónum. Ef greining var gerð á slípuðum hrísgrjónum skal tilkynna um vinnslustuðul.

⁽¹⁾ Vörukóðar skv. I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

⁽²⁾ Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

B-HLUTI

Afurðir ⁽³⁾ úr dýraríkinu ⁽⁴⁾ sem á að taka sýni úr 2025, 2026 og 2027

2025	2026	2027
e)	f)	d)
(1020010) Kúamjólk ⁽¹⁾	(1016020) Alifuglafita ⁽²⁾ , ⁽³⁾	(1012020) Nautgripafita ⁽²⁾ , ⁽³⁾
(1011020) Svínafita ⁽²⁾ , ⁽³⁾	(1012030) Nautgripalifur ⁽²⁾	(1030010) Hænuegg ⁽²⁾ , ⁽⁴⁾

⁽¹⁾ Greina skal ferska (óunna) mjólk, sem og frysta, gerilsneydda, hitameðhöndlaða, dauðhreinsaða eða síaða mjólk.

⁽²⁾ Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða sýnatöku úr frystum afurðum skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á.

⁽³⁾ Einnig má taka sýni úr kjöti í samræmi við töflu 3 í viðaukanum við tilskipun 2002/63/EB.

⁽⁴⁾ Greina skal heil skumlaus egg.

C-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr jurtaríkinu

	2025	2026	2027	Athugasemdir
2,4-D	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á salati, spínati og tómötum árið 2025, í og á appelsínunum, blómkáli, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026, í og á greipaldinum, vínberjum til neyslu, eggaldinum og spergilkáli árið 2027.
2-fenýlfenól	c)	a)	b)	
Abamektín	c)	a)	b)	
Asefat	c)	a)	b)	
Asetamípríð	c)	a)	b)	
Aklónífen		a)		Skal eingöngu greina í og á gulrótum árið 2026.
Akrínatrín	c)	a)	b)	
Aldíkarb	c)	a)	b)	
Aldrín og díldrín	c)	a)	b)	
Ametóktadínn	c)	a)	b)	
Asínfosmetýl	c)	a)	b)	
Asoxýstróbín	c)	a)	b)	
Bífentrín	c)	a)	b)	
Bífenýl	c)	a)	b)	
Bítertanól	c)	a)	b)	
Boskalíð	c)	a)	b)	

⁽³⁾ Vörukóðar skv. I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

⁽⁴⁾ Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

Brómíðjón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á salati og tómötum árið 2025, í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026, í og á paprikum árið 2027.
Brómoprópýlat	c)	a)	b)	
Búpírimat	c)	a)	b)	
Búprófesín	c)	a)	b)	
Kaptan	c)	a)	b)	
Karbarýl	c)	a)	b)	
Karbendasím og benómýl	c)	a)	b)	
Karbófúran	c)	a)	b)	
Klórantranilípról	c)	a)	b)	
Klórfenapýr	c)	a)	b)	
Klórmequat	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á tómötum, höfrum og byggi árið 2025, í og á gulrótum, perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026, í og á eggaldinum, vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2027.
Klórópalóníl	c)	a)	b)	
Klórprófam	c)	a)	b)	
Klórþýrifos	c)	a)	b)	
Klórþýrifosmetýl	c)	a)	b)	
Klófentesín	c)	a)	b)	
Klórýralíð	c)	a)	b)	
Klórþianidín	c)	a)	b)	
Koparefnasambönd	c)	a)	b)	
Sýantranilípról	c)	a)	b)	
Sýasófamíð	c)	a)	b)	
Sýflúfenamíð	c)	a)	b)	
Sýflúmetófen	c)	a)	b)	
Sýflútrín	c)	a)	b)	
Sýmoxaníl	c)	a)	b)	
Sýpermetrín	c)	a)	b)	
Sýprókónasól	c)	a)	b)	
Sýpródiníl	c)	a)	b)	
Sýrómasín	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á salati og tómötum árið 2025, í og á kartöflum, laukum og gulrótum árið 2026, í og á eggaldinum, paprikum, melónum og ræktuðum sveppum árið 2027.

Deltametrín	c)	a)	b)	
Díasínón	c)	a)	b)	
Díklórvos	c)	a)	b)	
Díklóran	c)	a)	b)	
Díkófól	c)	a)	b)	
Díetófenkarb	c)	a)	b)	
Dífenókónasól	c)	a)	b)	
Díflúbensúrón	c)	a)	b)	
Dímetóat	c)	a)	b)	
Dímetómorf	c)	a)	b)	
Díníkónasól	c)	a)	b)	
Dífenýlamin	c)	a)	b)	
Dípíanón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á eplum og ferskjum árið 2025, í og á perum og brúnum hrísgrjónum árið 2026, í og á vínberjum til neyslu árið 2027.
Dípíókarbamöt	c)	a)	b)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema spergilkáli, blómkáli, höfuðkáli, ólífúolíu, víni og laukum.
Dódín	c)	a)	b)	
Emamektínbensóat B1a gefið upp sem emamektín	c)	a)	b)	
Endósúlfan	c)	a)	b)	
Epoxíkónasól	c)	a)	b)	
Etefón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á eplum, ferskjum, tómötum og víni árið 2025, í og á appelsínunum og perum árið 2026, í og á paprikum, hveiti og vínberjum til neyslu árið 2027.
Epíón	c)	a)	b)	
Etirímól	c)	a)	b)	
Etófenprox	c)	a)	b)	
Etoxasól	c)	a)	b)	
Etýlenoxíð	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á byggi og hófrum árið 2025, í og á baunum (þurrkuðum), rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026, í og á hveiti árið 2027.
Famoxadón	c)	a)	b)	
Fenamídón	c)	a)	b)	
Fenamífos	c)	a)	b)	
Fenarímól	c)	a)	b)	
Fenasakín	c)	a)	b)	

Fenbúkónasól	c)	a)	b)	
Fenbútatínoxíð	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á eplum, jarðarberjum, ferskjum, tómötum og víni árið 2025, í og á appelsínum og perum árið 2026, í og á eggaldinum, greipaldinum, paprikum og vínberjum til neyslu árið 2027.
Fenhexamíð	c)	a)	b)	
Fenítrópíón	c)	a)	b)	
Fenoxýkarb	c)	a)	b)	
Fenprópatrín	c)	a)	b)	
Fenprópidín	c)	a)	b)	
Fenprópímorf	c)	a)	b)	
Fenpýrasamín	c)	a)	b)	
Fenpýroxímat	c)	a)	b)	
Fenþíón	c)	a)	b)	
Fenvalerat	c)	a)	b)	
Fípróníl	c)	a)	b)	
Flóníkamíð	c)	a)	b)	
Flúasífóp-P	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á jarðarberjum, höfuðkáli, salati, spínati og tómötum árið 2025, í og á blómkáli, þurrkuðum baunum, kartöflum og gulrótum árið 2026, í og á eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2027.
Flúbendíamíð	c)	a)	b)	
Flúdíoxóníl	c)	a)	b)	
Flúfenoxúrón	c)	a)	b)	
Flúópíkólíð	c)	a)	b)	
Flúópýram	c)	a)	b)	
Flúpýradífúrón	c)	a)	b)	
Flúkinkónasól	c)	a)	b)	
Flúsílasól	c)	a)	b)	
Flútríafól	c)	a)	b)	
Flúxapýroxað	c)	a)	b)	
Fólpet	c)	a)	b)	
Formetanat	c)	a)	b)	
Fosetýl-Al	c)	a)	b)	
Fospíasat	c)	a)	b)	
Glúfosínatammóníum	c)	a)	b)	
Glýfosat	c)	a)	b)	

Haloxýföp, þ.m.t. haloxýföp-P	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á jarðarberjum og höfuðkáli árið 2025, í og á þurrkuðum baunum árið 2026, í og á spergilkáli, greipaldinum, paprikum og hveiti árið 2027.
Hexakónasól	c)	a)	b)	
Hexýþíasox	c)	a)	b)	
Imasalíl	c)	a)	b)	
Ímíðaklópríð	c)	a)	b)	
Indoxakarb	c)	a)	b)	
Ípródíón	c)	a)	b)	
Ípróvalíkarb	c)	a)	b)	
Ísókarbófós	c)	a)	b)	
Ísópróþíólan		a)		Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Kresoxímmeþýl	c)	a)	b)	
Lambda-sýhalótrín	c)	a)	b)	
Línúrón	c)	a)	b)	
Lúfenúrón	c)	a)	b)	
Malapíón	c)	a)	b)	
Malínhýdrasíð		a)		Skal eingöngu greina í og á laukum og kartöflum árið 2026
Mandíprópamið	c)	a)	b)	
Mepanípyrím	c)	a)	b)	
Mepíkvat	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á byggi og höfnum árið 2025, í og á perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026, í og á ræktuðum sveppum og hveiti árið 2027.
Metaflúmísón	c)	a)	b)	
Metalaxýl og metalaxýl-M	c)	a)	b)	
Metamídófos	c)	a)	b)	
Metíðapíón	c)	a)	b)	
Metíókarb	c)	a)	b)	
Metómýl	c)	a)	b)	
Metoxýfenósíð	c)	a)	b)	
Metrafenón	c)	a)	b)	
Mónókrótófos	c)	a)	b)	
Mýklóbútáníl	c)	a)	b)	

Nikótín	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á eplum, salati og tómötum árið 2025, í og á laukum og kartöflum árið 2026, í og á vínberjum til neyslu árið 2027.
Ómetóat	c)	a)	b)	
Oxadixýl	c)	a)	b)	
Oxamýl	c)	a)	b)	
Oxýdemetónmetýl	c)	a)	b)	
Paklóbútrasól	c)	a)	b)	
Paraþíónmetýl	c)	a)	b)	
Penkónasól	c)	a)	b)	
Pensýkúrón	c)	a)	b)	
Pendímetalín	c)	a)	b)	
Permetrín	c)	a)	b)	
Fosmet	c)	a)	b)	
Pírimíkarb	c)	a)	b)	
Pírimífosmetýl	c)	a)	b)	
Próklóras	c)	a)	b)	
Prósýmídón	c)	a)	b)	
Prófenófós	c)	a)	b)	
Própamókarb	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á jarðarberjum, höfuðkáli, spínati, salati, tómötum og byggi árið 2025, í og á gulrótum, blómkáli, laukum og kartöflum árið 2026, í og á vínberjum til neyslu, melónum, eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2027.
Própargít	c)	a)	b)	
Própikónasól	c)	a)	b)	
Própýsamíð	c)	a)	b)	
Prókínasið	c)	a)	b)	
Prósúlfókarb	c)	a)	b)	
Próþíókónasól	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á höfuðkáli, salati, tómötum, höfnum og byggi árið 2025, í og á gulrótum, laukum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026, í og á paprikum og hveiti árið 2027.
Pýmetrósin	c)		b)	Skal eingöngu greina í og á höfuðkáli, salati, jarðarberjum, spínati og tómötum árið 2025. Ekki skal greina það í eða á neinni afurð árið 2026. Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, melónum og paprikum árið 2027.

Pýraklóstróbín	c)	a)	b)	
Pýridaben	c)	a)	b)	
Pýridalýl	c)	a)	b)	
Pýrimetaníl	c)	a)	b)	
Pýriproxýfen	c)	a)	b)	
Kínoxýfen	c)	a)	b)	
Spínétóram	c)	a)	b)	
Spínósað	c)	a)	b)	
Spírodíklófén	c)	a)	b)	
Spírómesífén	c)	a)	b)	
Spíroxamín	c)	a)	b)	
Spírótetramat	c)	a)	b)	
Súlfoxaflór	c)	a)	b)	
Táflúvalínat	c)	a)	b)	
Tebúkónasól	c)	a)	b)	
Tebúfénósið	c)	a)	b)	
Tebúfénpýrað	c)	a)	b)	
Teflúbensúrón	c)	a)	b)	
Teflútrín	c)	a)	b)	
Terbútýlasín	c)	a)	b)	
Tetrakónasól	c)	a)	b)	
Tetradífón	c)	a)	b)	
Þiabendasól	c)	a)	b)	
Þiaklópríð	c)	a)	b)	
Þíametoxam	c)	a)	b)	
Þíodíkarb	c)	a)	b)	
Þíófanatmetýl	c)	a)	b)	
Tólklófosmetýl	c)	a)	b)	
Tríadímeffón	c)	a)	b)	
Tríadímenól	c)	a)	b)	
Tríasófós	c)	a)	b)	
Trísýklasól		a)		Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Trífloxýstróbín	c)	a)	b)	
Tríflúmísól	c)	a)	b)	
Tríflúmúrón	c)	a)	b)	
Vínklósólín	c)	a)	b)	
Soxamíð	c)	a)	b)	

D-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr dýraríkinu

	2025	2026	2027	Athugasemdir
Aldrín og díeldrín	e)	f)	d)	
Bífentrín	e)	f)	d)	
Klórdan	e)	f)	d)	
Klórmekvat	e)	f)		Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025; í og á nautgripalífur árið 2026.
Klórpýrifos	e)	f)	d)	
Klórpýrifosmetýl	e)	f)	d)	
Koparefnasambönd	e)	f)	d)	
Sýpermetrín	e)	f)	d)	
DDT	e)	f)	d)	
Deltametrín	e)	f)	d)	
Díasínón	e)	f)	d)	
Endósúlfan	e)	f)	d)	
Famoxadón	e)	f)	d)	
Fenvalerat	e)	f)	d)	
Fípróníl	e)	f)	d)	
Glúfosínatammóníum	e)	f)	d)	
Glýfosat	e)	f)	d)	
Heptaklór	e)	f)	d)	
Hexaklóróbensen	e)	f)	d)	
Hexaklórósýklóhexan (HCH, alfa-hverfa)	e)	f)	d)	
Hexaklórósýklóhexan (HCH, beta-hverfa)	e)	f)	d)	
Indoxakarb	e)			Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025.
Lindan	e)	f)	d)	
Mepíkvat	e)	f)		Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2025; í og á nautgripalífur árið 2026.
Metoxýklór	e)	f)	d)	
Paraþíón	e)	f)	d)	

Pendímetalín	e)	f)	d)	
Permetrín	e)	f)	d)	
Pírimífosmetýl	e)	f)	d)	

II. VIÐAUKI

Fjöldi sýna og leiðbeiningar um gæðaeftirlit við greiningu sem um getur í 1. gr.

A. FJÖLDI SÝNA

1. Lágmarksfjöldi sýna sem skal taka úr hverri vöru og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í I. viðauka (á ári úr hverri vöru) skal vera eftirfarandi:

BE	15	LT	12
BG	15	LU	12
CZ	15	HU	15
DK	12	MT	12
DE	106	NL	20
EE	12	AT	15
IE	12	PL	51
EL	15	PT	15
ES	55	RO	22
FR	78	SI	12
HR	12	SK	12
IT	75	FI	12
CY	12	SE	15
LV	12	UK(NI) ⁽¹⁾	12

HEILDARFJÖLDI SÝNA: 683

- (¹) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. Windsor-samningsins (e. *Windsor Framework*) (sjá sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu frá 24. mars 2023 (Stjtið. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87), í tengslum við 24. lið í 2. viðauka við þennan samning, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er varðar þessa reglugerð, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. Til viðbótar við 1. lið skal hvert aðildarríki taka og greina eftirfarandi:

2025	2026	2027
Tíu sýni úr matvælum fyrir ungbörn og smábörn, öðrum en ungbarnablöndum, stoðblöndum og unnum barnamat með korn sem uppistöðu	Fimm sýni úr ungbarnablöndum og fimm sýni úr stoðblöndum	Tíu sýni úr barnamat með korn sem uppistöðu

3. Sýni úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap skulu tekin, eftir því sem unnt er, í hlutfalli við markaðshlutdeild þessara vörutegunda í hverju aðildarríki, eitt sýni að lágmarki.

B. LEIÐBEININGAR UM GÆÐAEFTIRLIT VIÐ GREININGU

1. Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við 1. lið A-liðar. Ef eigindlegar aðferðir til skimunar eru notaðar skal greina öll önnur sýni með meginlegum aðferðum til að finna margs konar efnaleifar.

Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð til að magngreina niðurstöðurnar.

2. Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig geta aðildarríki sent sýni sem skal taka og greina í samræmi við 1. lið A-liðar til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.
3. Viðmiðunarreglur varðandi „aðferðir við gæðaeftirlit og fullgildingu við greiningu varnarefnaleifa í matvælum og fóðri“ eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Skjal SANTE/11312/2021 v2.